

Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta- 97
kalli.—Með brjefi þessu var prestinum að Hesti, sjera Arnóri Þorlákssyni, veitt leyfi til 3. okt. að taka 500 kr. lán upp á Hestþingaprestakall, er endurborgist á 10 árum með $\frac{1}{10}$ á ári auk vaxta, til þess að framhalda jarðabótum á prestssetrinu Hesti, þó svo að jarðabætur þessar verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eptir því sem prestinum kemur saman um við hlutadeigandi prófast, að regluleg skoðunar- og matsgjörð, er hlutadeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fram fari, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið jarðabætur fyrir greint 500 kr. lán, á jarðabótum þeim, er gjörðar hafa verið eptir að umgetið lán hefur verið tekið upp á prestakallið og að presturinn eða bú hans, ef hann flytur frá braudinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurborgað, borgi það af hinu ógreidda láni, sem reynist, eptir reglulegri skoðunargjörð samkvæmt framansögðu, að vera óeytt.

Reikningur

98

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1887 til 31. ágúst 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1887:			
a. innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00		
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 395,69		8995,69
2. Vextir af innstæðu sjóðsins:			
a. af innritunarskýrteini til 11. júní 1888 á $3\frac{1}{2}$ %	Kr. 301,00		
b. af innstæðu í sparisjóði til 31. des. 1887	— 10,46		311,46
		Samtals	9307,15

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:			
a. Pjetri óðalsbónda Jónssyni í Reykjahlíð	Kr. 140,00		
b. Steini útvegsbónda Guðmundssyni á Eyrarbakka	— 140,00		280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1888:			
a. innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00		
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 427,15		9027,15
		Samtals	9307,15

Landshöfðinginn yfir Islandi, Reykjavík 1. október 1888.

Magnús Stephensen.

_____ Jón Jensson.

Ágrip

99

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1887.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1886:			
a. Ríkisskuldabryjef	kr. 29190,00		
b. Skuldabryjef einstakra manna	— 37054,22		
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1886	— 108,00		
d. Í peningum	— 275,40		66627,62
7. dag nóvembermán. 1888.			